

Sp.

36. Tillaga til þingsályktunar

um verksmiðju til að hreinsa og herða sildarlýsi.

Flm.: Ingvar Pálmason, Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka möguleika til og kostnað við að koma upp verksmiðju til að hreinsa og herða sildarlýsi, enn fremur markaðsmöguleika fyrir hert sildarlýsi. Séu niðurstöður rannsóknarinnar lagðar fyrir næsta Alþingi. Kostnaður við rannsóknina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það er alkunna, að verðmunur á hálfunnum eða fullunnum vörum annars vegar og svo kölluðum hráefnum hins vegar er yfirleitt meiri en vinnslukostnaði nemur. Um verksmiðjuna, sem vinnur úr hráefninu, gildir sama regla og um milliþíði í verzlun. Hún vill hafa gróða af starfsemi sinni. Þegar af þessari ástæðu mun það yfirleitt vera talið hagkvæmt hverri þjóð að flytja út unna vöru fremur en óunna. Einnig af gjaldeyris- og atvinnuástæðum má telja æskilegt, að þessi leið sé farin eftir því, sem verða má, a. m. k. á venjulegum tímum.

Sildarlýsi er nú orðið ein aðalútflutningsvara landsmanna. Árið 1940 framleiddu sildarverksmiðjurnar um 37 þús. tonn af þessari vöru. (Meðaltal árána 1936—40 er um 24 þús. tonn.) Var sildaraflí að vísu óvenju mikill það ár, en þess er þá jafnframt að geta, að ekki er ólíklegt, að verksmiðjum verði eitthvað fjölgað síðar meir og sildarflotinn aukinn. Öll er þessi vara flutt út óunnin. En tillaga sú, sem hér er fram borin, lýtur að því, að rannsakaðir séu möguleikar til að gera úr henni verðmeiri og e. t. v. seljanlegri vöru, áður en hún er flutt úr landi, og þá jafnframt til notkunar innanlands í stað feitmetis, sem nú er flutt inn frá öðrum löndum.

Upplýsingar þær um hreinsun og herzlu lýsis, sem hér fara á eftir, eru í aðalatriðum teknar eftir erindi Trausta Ólafssonar efnafraeðings, sem prentað er í Tímariti Verkfræðingafélags Íslands árið 1940, en erindi þetta er að mestu samhljóða skýrslu, sem fyrrnefndur efnafraeðingur gaf atvinnumálaráðuneytinu um þetta mál.

Það eru nú um 30 ár síðan byrjað var að herða fljótandi feiti til kerta- og sápugetur. Síðar (í fyrri heimsstyrjöldinni) var farið að herða feiti til matar og þá einkum til smjörlikisgetur. Þarf þá að hreinsa feitina tvisvar, fyrir og eftir herzluna. Á árunum 1929—32 voru hert samtals um 470 þús. tonn af lýsi að meðaltali árlega í þeim löndum, sem aðallega hafa þessa starfsemi með höndum. Til matar er talið, að aðallega hafi verið hert hvallýsi, en þó má ganga út frá, að sildarlýsi hafi einnig verið notað á sama hátt, þótt eigi sé það gert uppskátt. Atvinnudeild háskólans hefur þegar gert tilraunir til að herða sildarlýsi til matar, með góðum árangri. Mundi það verða einn liðurinn í rannsókn þeirri, sem hér er farið fram á, að afla innanlands vísindalegrar niðurstöðu í þessu efni, með aðstoð atvinnudeildarinnar.

Lýsisherzla fer í aðalatriðum fram á þann hátt, að vatnsefni (sem framleitt er með raforku) er látið streyma gegnum lýsið, en jafnframt verður að hita lýsið upp í 180—200 stig og blanda það öðrum efnum, sem kaupa þarf frá útlöndum. Hægt er að herða lýsið mikið eða lítið, eftir því, til hvers nota skal, en við herzluna, jafnvel þótt lítil sé, hverfur lýsislyktin. Vélar og áhöld til þessarar starfsemi eru allmargbrotin, og til hennar þyrfti allmikinn húsakost. Það, sem hægt væri að leggja fram innanlands til vinnslunnar, er aðallega vinnuafli og raforka — auk sildarlýsisins sjálfs.

Í áðurnefndu erindi Trausta Ólafssonar er gerð bráðabirgðaáætlun um stofnkostnað verksmiðju, sem ynni úr 7500 tonnum af lýsi á ári (ca. 25 tonn daglega), og er miðað við verðlag eins og það var fyrir stríð. Samkvæmt þeirri áætlun átti verksmiðjan að kosta 1,6 millj. kr. En slík verksmiðja mundi hafa unnið úr ca. $\frac{1}{3}$ af sildarlýsisframleiðslunni 1940.

Í rekstraráætlun, sem einnig er birt í erindi þessu, er kostnaður við vinnsluna talinn 220 kr. á hvert tonn af hertri feiti í umbúðum, miðað við verðlag ársins 1939. Með þessum kostnaði átti herzlan að bera sig, eða vel það, þegar tekið var til samanburðar verð á hertri feiti erlendis til smjörlikisverksmiðjanna hér.

Ef herða ætti allt sildarlýsi, sem framleitt er hér á landi, mundi þurfa til þess mjög mikinn stofnkostnað, jafnvel á venjulegum tíma. En hér er um svo mikilsvert mál að ræða, að ekki virðist áhorfsmál að rannsaka það eftir föngum, og þá m. a. kynna sér til nokkurrar hlitar markaðinn fyrir herta feiti erlendis.